

Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2011

Registered students at the upper secondary and tertiary level in autumn 2011

Samantekt Á hverju hausti safnar Hagstofa Íslands upplýsingum um nemendur í framhaldsskólum og háskólum á Íslandi. Birtar eru tölur um skráða nemendur í skólum eftir kyni, kennsluformi, námsbrautum og stöðu í námi. Haustið 2011 voru skráðir nemendur á framhalds- og háskólastigi 48.723. Til náms á framhalds- og viðbótarstigi voru skráðir 29.389 nemendur og 19.334 nemendur til náms á háskóla- og doktorsstigi. Skráðum nemendum í skólum fjölgaði um 3,1% frá fyrra ári. Fækkun sem varð á síðasta ári er nú að mestu gengin til baka. Skráðum nemendum á framhalds- og viðbótarstigi fjölgaði um tæp 5% og nemendum á háskóla- og doktorsstigi um tæpt prósent. Hins vegar fækkaði nemendum grunnskóla sem sóttu nám í framhaldsskólum þriðja árið í röð. Konur voru 55,9% allra skráðra nemenda; 52,0% skráðra nemenda á framhaldsskólastigi og 62,5% skráðra nemenda á háskólastigi. Flestir nemendur voru skráðir í bóklegt nám. Á framhaldsskólastigi voru 67,0% nemenda skráðir í bóknám og á háskólastigi voru 98,5% nemenda skráðir í fræðilegt nám. Doktorsnemum fækkaði um 30 frá fyrra ári og voru 452 í námi á 46 fræðasviðum.

Inngangur

Gögn fengin frá skólum

Hagstofa Íslands hefur tekið saman yfirlit yfir fjölda skráðra nemenda í framhaldsskólum, sérskólum og háskólum á Íslandi haustið 2011. Upplýsingum var safnað frá skólunum og úr miðlægu nemendaskrárkerfi framhaldsskólanna, INNU. Gagnasöfnunin miðast við fjölda nemenda um miðjan október 2011. Óskað var eftir upplýsingum um alla nemendur skólanna þar sem tilgreint væri kennsluform, staða nemenda í námi, umfang náms og námsbraut. Í tónlistarskólum, myndlistarskólum og listdansskólum eru eingöngu taldir nemendur sem eru skráðir í nám á framhaldsskólastigi og háskólastigi. Í þessu riti má sjá fjölda nemenda í einstökum skólum eftir kyni og námsbrautum. Einnig er tekið fram hvort um kennslu í dagskóla, kvöldskóla eða nemendur í fjarnámi er að ræða. Loks er sýnd námsstaða nemenda í hverjum skóla fyrir sig. Ritið sýnir fjölda skráðra nemenda á haustmisseri. Þær tölur sem hér eru birtar eru ekki að öllu leyti sambærilegar við endanlegar tölur úr nemendaskrá Hagstofu Íslands. Í tölum um skráða nemendur eru nemendur sem stunda nám í tveimur skólum, í bæði dagskóla og kvöldskóla eða á tveimur námsbrautum, tvítaldir. Í endanlegum tölum nemendaskrár Hagstofunnar er hver nemandi hins vegar aðeins talinn einu sinni. Endanlegar tölur verða tiltækar á vordögum 2012 og eru birtar í hagtöluárbók Hagstofu Íslands, *Landshögum*, og á heimasíðu Hagstofunnar.



Tvítalningar í gögnum

Á haustmisseri 2011 eru tvítalningar í gagnasafninu 5,4% en voru 5,0% haustið 2010. Tvítalningar í gögnunum koma fram ef nemendur eru skráðir í fleiri en einn skóla, á fleiri en einni námsleið eða stunda nám með mismunandi hætti. Margir nemendur sem skráðir eru sem fjarnámsnemendur eru jafnframt skráðir í dagskólánám. Þá eru nemendur í listaskólum oft jafnframt skráðir í nám í framhaldsskólum.


Tæplega 49 þúsund nemendur eru skráðir í framhalds- og háskóla

Nemendum fjölgað um 3,1%

Haustið 2011 voru alls 48.723 nemendur skráðir til náms í framhaldsskólum og háskólum hér á landi og fjölgaði um 1.483 nemendur frá fyrra ári. Fyrir ári fækkaði skráðum nemendum í fyrsta sinni frá því að farið var að safna þessum tölum haustið 1997. Nú hefur sú fækkun að mestu gengið til baka. Í nám á framhaldsskólastigi voru skráðir 28.361 nemendur, á viðbótarstigi voru skráðir 1.028 nemendur og 18.882 nemendur í nám á háskólastigi. Loks voru skráðir 452 nemendur til náms á doktorsstigi. Nemendum á framhaldsskólastigi hefur fjölgað um 1.355 eða 5,0% frá síðasta ári. Á háskólastigi fjölgaði um 205 nemendur, eða um 1,1% (mynd 1) en á doktorsstigi fækkaði um 30 nemendur.

Mynd 1. Skráðir nemendur á framhalds- og háskólastigi 2007–2011

Figure 1. Registered students at upper secondary and tertiary level 2007–2011



Grunnskólanemendum í framhaldsskólum fækkar enn

Fjöldi grunnskólanema í framhaldsskólum er rúmlega fimmtungur þess sem var haustið 2008


Hagstofan hefur kannað fjölda grunnskólanema í framhaldsskólum frá haustinu 2006 (mynd 2). Á þessu tímabili fjölgaði grunnskólanemendum í framhaldsskólum á árunum 2006–2008 en hefur nú fækkað þriðja árið í röð. Grunnskólanemendum í framhaldsskólum fækkaði um 25,3% á milli árunna 2008 og 2009 og á milli árunna 2009 og 2010 fækkaði þeim enn frekar eða um 64,2%. Grunnskólanemendur í framhaldsskólum eru nú 323, 135 piltar og 188 stúlkur, sem er rúmlega fimmtungur þess sem var haustið 2008. Þá voru þeir 1.460 og voru 5,0% skráðra nemenda í framhaldsskólum en eru 1,1% af skráðum nemendum haustið 2011. Stærstur hluti þessara nemenda er aðeins skráður í fáar námseiningar. Þannig voru þrjú af hverjum fjórum (75,1%) grunnskólanemendum í framhaldsskólum haustið 2011 skráðir í aðeins einn námsáfangi. Ætla má að niðurskurður til kennslu í framhaldsskólum

og breytt forgangsröðun sé ástæðan fyrir fækkun grunnskólanemenda í framhaldsskólanámi.

Á hinn bóginn eru 76 nemendur á grunnskólaaldri, þ.e. yngri en 16 ára, skráðir fullgildir nemendur framhaldsskóla og því á undan jafnöldrum sínum í námi. Stúlkur eru 72,4% þessara nemenda (55) en piltar 27,6% (21).

Mynd 2. Grunnskólanemendur í framhaldsskólum 2006–2011

Figure 2. Elementary school pupils in upper secondary schools 2006–2011




Flestir nemendur kjósa hefðbundið kennsluform, staðar- og dagskólanám

Staðarnám í dagskóla er algengasta kennsluformið

Á haustmisseri 2011 stunduðu 84,1% nemenda í framhalds- og háskólum nám í dagskólum. Hlutfall kvöldskólanemenda var 2,8% skráðra nemenda og hlutfall nemenda sem skráðir voru í fjarnám 13,2%. Haustið 2009 var hlutfall dagskólanemenda af öllum skráðum nemendum lægst og stóð í 77,7%. Þá hafði verið mikill vöxtur í fjarnámi og hlutur þess var 17,8% af öllum skráðum nemendum. Hlutfall kvöldskólanemenda (öldungadeildarnema) stóð hins vegar í 4,4% á þeim tíma og hafði verið svo allt frá 2007. Frá haustdögum 2009 hefur nemendum fækkað bæði í kvöldskólum og fjarnámi en nemendum í dagskóla fjölgað að sama skapi (mynd 3).

Mynd 3. Nemendur í framhalds- og háskólum eftir kennsluformi 2002–2011

Figure 3. Students at upper secondary and tertiary level by mode of teaching 2002–2011



Haustið 2011 stunduðu 1.344 nemendur nám í kvöldskólum á landinu og hefur þeim fjölgað um 164 frá fyrra ári, eða sem nemur 13,9%. Frá haustmisseri 2003, þegar kvöldskólanemendur voru hvað flestir, hefur þeim fækkað um 1.789 eða um 57,1%.

Nemendum í fjarnámi fjölgaði umtalsvert allt til haustsins 2009, þegar 8.700 nemendur voru skráðir í fjarnám. Nemendum í fjarnámi hefur fækkað tvö ár í röð og haustið 2011 voru þeir 2.283 færri en haustið 2009. Fækkun fjarnámsnema var þó mest á árunum 2009 til 2010. Frá 2010 til 2011 fækkaði þeim aðeins um 0,7%, m.a. vegna fjölgunar fjarnámsnema í háskólum og menntaskólum frá 2010 (tafla 2).

Konur eru meirihluti nemenda á öllum skólastigum nema viðbótarstigi

Nemendur eru skráðir á 282 námsbrautir haustið 2011

Konur eru umtalsvert fleiri en karlar meðal skráðra nemenda eða 5.709 fleiri. Alls stunda 27.216 konur nám í framhaldsskólum og háskólum á móti 21.507 körlum. Konur eru 55,9% nemenda á öllum skólastigum ofan grunnskóla en hlutur karla er 44,1%. Þegar skipting kynja er skoðuð eftir skólastigum samkvæmt íslensku menntunarflokkuninni ÍSNÁM2008 eru konur 52,0% nemenda á framhaldsskólastigi, 38,0% nemenda á viðbótarstigi, 62,5% nemenda á háskólastigi og 62,4% nemenda á doktorsstigi.

Það vekur athygli að einungis á viðbótarstigi eru konur færri en karlar meðal nemenda. Viðbótarstig er á mörkum framhaldsskóla- og háskólastigs en á þessu stigi má finna margvíslegt starfsnám, s.s. meistaranám löggiltra iðngreina, iðnfræði, leiðsögunám, ferðafræðinám, 4. stig vélstjórnar og margmiðlun. Konur hafa þó heldur sótt í sig veðrið frá fyrra ári hvað nám á viðbótarstigi varðar því á haustmisseri 2010 voru þær 34,6% nemenda og 29,3% haustið 2009.

Haustið 2011 eru nemendur skráðir til náms á 282 námsbrautir. Námsval er talsvert tengt kyni. Konur eru fleiri en karlar á 164 eða 58,2% námsbrautanna en á 106 námsbrautum eða 37,6% þeirra eru karlar fleiri en konur. Á 12 námsbrautum er hlutfall karla og kvenna hnífjafnt og þar á meðal má nefna viðskiptalögfræði,

rekstrarfræði, leiklist og ylrækt. Á 25 námsbrautum eru aðeins skráðir karlmenn en þar á meðal eru brautir eins og rafiðnfræði, véliðnfræði, múraraiðn, mekatróník, netagerð og stálmíði. Í pípulagnir er skráður 81 nemandi og þar af er ein kona. Námsbrautir þar sem eingöngu eru skráðar konur eru 21 en þar má finna brautir eins og braut hjúkrunar- og móttökuritara, skólaliðabraut, tanntæknabraut, lækna-ritarabraut, ljósmóðurfræði, kjólasaum, fótaaðgerðafræði og öldrunarfræði.


Félagsvísindi, viðskipti og lögfræði er vinsælasta námssviðið á háskóla- og doktorsstigi

Viðskiptafræði er vinsælasta námsleiðin meðal nemenda í háskólanámi

Á háskóla- og doktorsstigi eru nemendur flestir í félagsvísindum, viðskiptum og lögfræði (mynd 4). Rúmlega 7.000 nemendur stunda nám á þessu sviði eða 37,1% allra nemenda á þessum skólastigum. Þar á eftir koma hugvísindi og listir með yfir 3.000 nemendum. Á sviði heilbrigðis og velferðar eru skráðir tæplega 2.700 nemendur og á sviði menntunar tæplega 2.300 nemendur. Konur eru fleiri en karlar á öllum sviðum menntunar nema á sviði raunvísinda, stærðfræði og tölvunarfræði sem og í verkfræði, framleiðslu og mannvirkjagerð (tafla 4). Hlutfallslega eru konur flestar á sviði heilbrigðis og velferðar en þar eru konur 86,6% nemenda. Á sviði verkfræði, framleiðslu og mannvirkjagerðar eru konur hlutfallslega færstar eða 31,8% nemenda.

Mynd 4. Hlutfall nemenda á háskóla- og doktorsstigi eftir almennum sviðum náms og kyni haustið 2011

Figure 4. Proportion of registered students at the tertiary level by broad fields of study and sex in autumn 2011



Notes: (1) Health and welfare; (2) Education; (3) Services; (4) Humanities and arts; (5) Social sciences, business and law; (6) Agriculture and veterinary; (7) Sciences, mathematics and computing; (8) Engineering, manufacturing and construction.

Ef einstakar námsbrautir á háskólastigi og doktorsstigi eru skoðaðar eru flestir nemendur skráðir á svið viðskiptafræða en þar eru skráðir 2.506, þar af 54,4% konur. Næst fjölmennasta námsleiðin á háskólastigi er lögfræði en þar eru skráðir til náms 1.424, þar af 55,4% konur. Nemendum í viðskipta- og lögfræði hefur fjölgað lítillega frá síðasta ári. Viðskiptagreinar og lögfræði eru einu námsbrautirnar á háskólastigi þar sem fjöldi nemenda nær einu þúsundi. Nemendur í sálfræði nálgast þúsundið en þar eru skráðir til náms 973 nemendur, þar af 73,0% konur. Í hjúkrunarfræði er skráður 748 nemandi og í grunnskólakennarafræðum eru

702 skráðir nemendur. Konur eru áberandi meðal nemenda í þessum greinum en þær eru 97,5% nemenda í hjúkrunarfræðum og 83,5% nemenda í grunnskólakennarafræðum.

Flestir nemendur á framhaldsskólastigi eru skráðir í nám á félagsfræðabraut til stúdentsprófs

Félagsfræðabraut til stúdentsprófs er fjölmennasta námsbrautin

Fjölmennasta einstaka námsbrautin er félagsfræðabraut til stúdentsprófs á framhaldsskólastigi og hefur hún tekið við af náttúrufræðibraut sem vinsælasta námsbrautin. Á þessa námsbraut eru skráðir 5.494 nemendur; 40,3% eru karlar og 59,7% konur. Næst fjölmennasta námsbrautin er náttúrufræðibraut til stúdentsprófs en þar eru skráðir til náms 5.377 nemendur, 51,0% karlar og 49,0% konur. Þriðja fjölmennasta brautin í framhaldsskólum er almenn námsbraut en þar eru skráðir til náms 4.804 nemendur, 45,9% karlar og 54,1% konur. Þessar þrjár námsbrautir eru langfjölmennustu námsbrautirnar í íslenskum skólum ofan grunnskóla. Á þrjár brautir til viðbótar eru skráðir rúmlega eitt þúsund nemendur en það er listnámsbraut (1.112), viðskipta- og hagfræðibraut til stúdentsprófs (1.078) og málabraut til stúdentsprófs (1.072).

Flestir nemendur velja almennt nám á framhaldsskólastigi og fræðilegt nám á háskólastigi

Tveir af hverjum þremur á framhaldsskólastigi eru skráðir í almennt nám

Í almennt nám á framhaldsskólastigi (ÍSNÁM 3AG og 3CG) eru skráðir 18.992 nemendur en í starfsnám (ÍSNÁM 3BP, 3CP, 3CV og 3AV) eru skráðir 9.369 nemendur. Miðað við ÍSNÁM2008 flokkunarkerfið eru því 67,0% nemenda á framhaldsskólastigi skráðir í almennt nám en 33,0% nemenda skráðir í einhvers konar starfsnám (tafla 5). Á viðbótarstigi eru hins vegar allir nemendurnir 1.028 skráðir í nám sem flokkast sem starfsnám (ÍSNÁM 4CV).

Á háskólastigi eru 98,5% nemenda skráðir í fræðilegt háskólanám (ÍSNÁM 5A) en 1,5% í starfsmiðað háskólanám (ÍSNÁM 5B). Konur eru 62,8% nemenda í fræðilegu háskólanámi en 43,8% nemenda sem skráðir eru í starfsmiðað háskólanám.

Þegar litið er á námsgráðu sem háskólanámið veitir leggja flestir nemendur á háskólastigi stund á nám til Bachelorgráðu, rúmlega 13.400 nemendur. Ríflega 400 nemendur vinna að viðbótardiplóma að lokinni Bachelorgráðu. Nemendur sem stunda nám til meistara-gráðu eru 4.197 og eru konur ríflega tvær af hverjum þremur nemendum á þessu stigi (67,9%). Nemendum í námi til meistara-gráðu hefur fjölgað hratt undanfarin ár en fækkaði um 3,6% frá hausti 2010 í fyrsta sinn á síðasta áratug.

Flestir doktorsnemar í uppeldis- og menntunarfræðum

Í doktorsnám eru skráðir 452 nemendur, 170 karl og 282 kona (tafla 1). Doktorsnemum hefur fækkað um 30 frá síðastliðnu ári en árin þar á undan hafði þeim fjölgað töluvert. Flestir doktorsnemar leggja stund á nám í uppeldis- og menntunarfræðum eða 58; 16 karlar og 42 konur. Næst fjölmennasta námsleiðin til doktorsprófs er líffræði, þar eru 22 karlar og 25 konur skráð til náms. Þriðja fjölmennasta námsleið í doktorsnámi er heilbrigðisvísindi með 27 doktorsnema, 9 karla og 18 konur. Aðrar námsleiðir eru fámennari en alls skiptast doktorsnemar á 46 fræðasvið.

Tafla 1. Nemendur á háskóla- og doktorsstigi eftir námsgráðu haustið 2011
Table 1. Students at the tertiary level by degree in autumn 2011

	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
Alls Total	19.334	7.258	12.076
Grunndiplóma <i>Undergraduate diploma</i>	437	230	207
Bachelorgráða <i>Bachelor's degree</i>	13.438	5.318	8.120
Viðbótardiplóma <i>Postgraduate diploma</i>	447	83	364
Kandídatsgráða <i>Candidatus degree</i>	363	108	255
Meistaragráða <i>Master's degree</i>	4.197	1.349	2.848
Doktorsgráða <i>Ph.D. degree</i>	452	170	282

Skýringar á hugtökum úr ÍSNÁM2008

Íslenska náms og menntunarflokkunin ÍSNÁM2008 er byggð á alþjóðlegu menntunarflokkuninni ISCED97. Flokkunin byggist á námsleið og er tvískipt. Annars vegar er nám flokkað á stig og hins vegar á svið.

Námsstigun eru sjö, frá 0 til 6.

- 0. Leikskólastig** tekur fyrst og fremst til náms í leikskóla frá þriggja ára aldri.
- 1. Barnaskólastig** nær yfir nám í 1.–7. bekk grunnskóla eða samsvarandi nám.
- 2. Unglingastig** nær yfir nám í 8.–10. bekk grunnskóla eða samsvarandi nám.
- 3. Framhaldsskólastig** vísar til náms í framhaldsskóla og viðlíka náms.
- 4. Viðbótarstig** tekur til náms sem byggir ofan á nám á framhaldsskólastigi en er ekki á háskólastigi.
- 5. Háskólastig** nær yfir háskólanám að doktorsnámi undanskildu.
- 6. Doktorsstig** vísar til doktorsnáms.

Á námsstigum 2–5 er nám greint á grundvelli vídda sem segja m.a. til um stefnu náms og áherslu náms.

Stefna náms segir til um hvert námið leiðir, þ.e. til starfa á vinnumarkaði eða til frekara náms á tilteknu stigi.

A er nám sem stefnir að fræðilegu námi á herra stigi.

B er nám sem leiðir til starfsnáms á herra stigi.

C er nám sem leiðir beint út á vinnumarkaðinn eða til frekara náms á sama stigi.

Áhersla náms vísar til þess hvort um almennt nám eða starfsnám er að ræða.

Almennt bóknám er yfirleitt táknað með G. Þetta er nám þar sem ekki er gert ráð fyrir sérþjálfun til tiltekinna starfa né til undirbúnings fyrir starfsnám. Miðað er við að minna en fjórðungur námsins sé starfsnám.

For–starfsnám er yfirleitt táknað með P og er nám sem miðar aðallega að því að kynna nemendum vinnumarkaðinn og undirbúa þá fyrir frekara starfsnám. Námið veitir ekki starfsréttindi á vinnumarkaði og er starfsnám að einum fjórðungi hið minnsta.

Starfsnám er yfirleitt táknað með V og er nám sem undirbýr nemendur undir þátttöku á vinnumarkaði til að vinna tiltekin störf. Lokapróf á þessu stigi veitir yfirleitt tiltekin starfsréttindi á vinnumarkaði.

Nám á háskólastigi er flokkað eftir því hvort um fræðilegt háskólanám eða starfsmiðað háskólanám er að ræða.

5A er fræðilegt háskólanám, sem leiðir áfram til doktorsnáms.

5B er starfsmiðað háskólanám, sem miðar að starfi á vinnumarkaði að loknu námi.

Námsleiðir eru flokkaðar niður á svið náms. Í grófustu flokkuninni er nám flokkað á 9 almenn svið (eins stafs flokkun). Nám má greina fínna niður á 25 afmörkuð svið (tveggja stafa flokkun), um 90 einstök svið (þriggja stafa flokkum) eða niður á einstakar námsbrautir (fjögurra stafa flokkun).

English summary

Every autumn Statistics Iceland collects data on enrolled students from schools at the upper secondary and tertiary level. These data include the number of students, line of study, progress of study and mode of teaching. In autumn 2011 there were 48,723 students enrolled. There were 29,389 registered students at the upper secondary level and 19,334 at the tertiary level. The number of registered students increased by 3.1% from the previous year. The decrease in the number of students from last year has mostly been reversed. The number of registered students at the upper secondary and post-secondary non-tertiary level increased by almost 5% and at the university and doctoral levels by almost 1%. The number of elementary school pupils in upper secondary schools decreased for the third year in a row. Women were 55.9% of all registered students; 52.0% of students at the upper secondary level and 62.5% of students at the tertiary level. The majority of students are registered for general and academic studies rather than vocational programmes. At the upper secondary level 67.0% of registered students were enrolled in general programmes and 98.5% of students at the university level were studying academic subjects. The number of doctoral students decreased by 30 from the previous year with 452 students studying 46 different subject areas.

Tafla 2. Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2005–2011 — lykiltölur
 Table 2. Registered students at the upper secondary and tertiary level in autumn 2005–2011 — key data

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	Mismunur frá 2010 <i>Difference from 2010</i>	Breyting, % frá 2010 <i>Change, % from 2010</i>
Skráðir nemendur alls <i>Total number of students</i>	42.200	44.129	46.004	47.308	48.768	47.240	48.723	1.483	3,1
Skólastig <i>School level</i>									
Framhalds- og viðbótarstig <i>Upper secondary level</i>	25.093	26.958	29.153	30.143	30.477	28.081	29.389	1.308	4,7
Háskóla- og doktorsstig <i>Tertiary level</i>	17.107	17.171	16.851	17.165	18.291	19.159	19.334	175	0,9
Kennsluform <i>Mode of teaching</i>									
Dagskóli <i>Day courses</i>	34.423	35.772	37.007	37.126	37.900	39.600	40.962	1.362	3,4
Kvöldskóli <i>Evening courses</i>	2.542	2.377	2.009	2.060	2.168	1.180	1.344	164	13,9
Fjarnám <i>Distance learning</i>	5.151	5.980	6.988	8.122	8.700	6.460	6.417	-43	-0,7
Utanskóla <i>External learning</i>	84	–	–	–	–	–	–	–	–
Flokkar skóla og kennsluform <i>Type of schools and mode of teaching</i>									
Menntaskólar <i>Grammar schools</i>	5.966	6.545	6.723	6.780	7.127	6.578	6.661	83	1,3
Dagskóli <i>Day courses</i>	5.425	5.624	5.728	5.819	6.028	6.015	5.950	-65	-1,1
Kvöldskóli <i>Evening courses</i>	310	278	232	168	221	258	201	-57	-22,1
Fjarnám <i>Distance learning</i>	230	643	763	793	878	305	510	205	67,2
Utanskóla <i>External learning</i>	1	–	–	–	–	–	–	–	–
Fjölbrautaskólar <i>Comprehensive schools</i>	18.038	19.281	20.115	18.369	18.121	16.598	17.472	874	5,3
Dagskóli <i>Day courses</i>	13.605	14.522	15.081	13.667	14.021	13.399	14.053	654	4,9
Kvöldskóli <i>Evening courses</i>	2.006	1.861	1.684	1.163	981	496	808	312	62,9
Fjarnám <i>Distance learning</i>	2.344	2.898	3.350	3.539	3.119	2.703	2.611	-92	-3,4
Utanskóla <i>External learning</i>	83	–	–	–	–	–	–	–	–
Sérskólar á framhaldsskólastigi <i>Specialised schools at upper secondary level</i>	644	678	960	3.571	3.923	3.612	3.834	222	6,1
Dagskóli <i>Day courses</i>	624	636	774	2.549	2.736	2.666	3.358	692	26,0
Kvöldskóli <i>Evening courses</i>	20	42	59	572	531	125	139	14	11,2
Fjarnám <i>Distance learning</i>	–	–	127	450	656	821	337	-484	-59,0
Utanskóla <i>External learning</i>	–	–	–	–	–	–	–	–	–
Tónlistarskólar á framhaldsskólastigi <i>Music schools at upper secondary level</i>	445	454	516	546	524	563	594	31	5,5
Dagskóli <i>Day courses</i>	445	454	516	546	524	563	594	31	5,5

Tafla 2. Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2005–2011 — lykiltölur (frh.)
 Table 2. Registered students at the upper secondary and tertiary level in autumn 2005–2011 — key data (cont.)

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	Mismunur frá 2010 <i>Difference</i> <i>from 2010</i>	Breyting, % frá 2010 <i>Change, %</i> <i>from 2010</i>
Sérskólar á háskólastigi <i>Specialised schools at tertiary level</i>	257	288	279	273	343	384	185	-199	-51,8
Dagskóli <i>Day courses</i>	179	201	199	186	222	202	139	-63	-31,2
Kvöldskóli <i>Evening courses</i>	43	47	34	42	54	44	46	2	4,5
Fjarnám <i>Distance learning</i>	35	40	46	45	67	138	0	-138	-100,0
Háskólar <i>Universities</i>	16.850	16.883	17.411	17.769	18.730	19.505	19.977	472	2,4
Dagskóli <i>Day courses</i>	14.145	14.335	14.709	14.359	14.369	16.755	16.868	113	0,7
Kvöldskóli <i>Evening courses</i>	163	149	–	115	381	257	150	-107	-41,6
Fjarnám <i>Distance learning</i>	2.542	2.399	2.702	3.295	3.980	2.493	2.959	466	18,7

Skýringar *Notes:* Tölur um skráða nemendur eru ekki að öllu leyti sambærilegar við endanlegar tölur úr nemendaskrá Hagstofu Íslands. Í þessum tölum eru nemendur sem stunda nám í tveimur skólum, í bæði dagskóla og kvöldskóla eða á tveimur námsbrautum tvítaldir en í nemendaskrá Hagstofunnar er hver nemandi aðeins talinn einu sinni. Á framhaldsskólastigi starfa menntaskólar, fjölbrautaskólar, (þ.m.t. framhaldsskólar, verkmenntaskólar og iðnskólar) og sérskólar. Sérskólar sem starfa aðallega á framhaldsskólastigi eru t.d. húsmæðraskólar og listdansskólar. Meðal sérskóla sem starfa aðallega á háskólastigi eru listaskólar. *These figures depict registered students. They are not fully comparable with final data from the Statistics Iceland student register since these data include double counts of students who study in two schools, both in day courses and in evening courses or in two lines of study.*

Tafla 3. Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2011 eftir skólum, kyni og kennsluformi
 Table 3. Registered students at the upper secondary and tertiary level in autumn 2011 by school, sex and mode of teaching

	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Dag- skóli <i>Day courses</i>	Kvöld- skóli <i>Evening courses</i>	Fjar- nám <i>Distance learning</i>
Fjölbrautaskólar <i>Comprehensive schools</i>	17.472	8.474	8.998	14.053	808	2.611
Borgarholtsskóli	1.522	931	591	1.298	67	157
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	419	238	181	314	–	105
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	236	121	115	236	–	–
Fjölbrautaskóli Suðurlands	1.010	540	470	1.010	–	–
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	1.257	640	617	1.219	38	–
Fjölbrautaskóli Vesturlands	593	335	258	593	–	–
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	2.189	1.007	1.182	1.561	628	–
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	891	405	486	799	–	92
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	2.585	850	1.735	1.080	–	1.505
Flensborgarskóli	859	440	419	859	–	–
Framhaldsskólinn á Húsavík	167	60	107	167	–	–
Framhaldsskólinn á Laugum	120	62	58	120	–	–
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	272	143	129	192	–	80
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	236	122	114	236	–	–
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	257	140	117	257	–	–
Iðnskólinn í Hafnarfirði	606	363	243	606	–	–
Menntaskólinn á Egilsstöðum	508	176	332	326	–	182
Menntaskólinn á Ísafirði	316	166	150	316	–	–
Menntaskólinn á Tröllaskaga	91	45	46	91	–	–
Menntaskólinn í Kópabogi	1.323	659	664	1.211	75	37
Verkmenntaskóli Austurlands	259	117	142	259	–	–
Verkmenntaskólinn á Akureyri	1.756	914	842	1.303	–	453
Menntaskólar <i>Grammar schools</i>	6.661	2.806	3.855	5.950	201	510
Kvennaskólinn í Reykjavík	649	220	429	649	–	–
Menntaskóli Borgarfjarðar	170	76	94	170	–	–
Menntaskólinn að Laugarvatni	164	77	87	164	–	–
Menntaskólinn á Akureyri	740	293	447	740	–	–
Menntaskólinn Hraðbraut	107	54	53	107	–	–
Menntaskólinn í Reykjavík	890	394	496	890	–	–
Menntaskólinn við Hamrahlíð	1.414	580	834	1.213	201	–
Menntaskólinn við Sund	769	382	387	769	–	–
Verslunarskóli Íslands	1.758	730	1.028	1.248	–	510
Sérskólar með nám aðallega á framhaldsskólastigi	3.834	2.222	1.612	3.358	139	337
<i>Specialised schools at upper secondary level</i>						
Danslistarskóli JSB	61	–	61	61	–	–
Fisktækniskóli Íslands	17	11	6	17	–	–
Heilsumeistaraskólinn	50	2	48	50	–	–
Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað	23	–	23	23	–	–
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	24	–	24	24	–	–
Keilir - Menntastofnun á Keflavíkurflugvelli	499	233	266	259	–	240
Klassíski listdansskólinn	20	–	20	20	–	–
Kvikmyndaskóli Íslands	98	69	29	98	–	–
Listdansskóli Íslands	60	8	52	60	–	–
Listdansskóli Reykjanesbæjar; Bryn Ballett Akadémían	8	–	8	8	–	–
Lögregluskólinn	20	14	6	20	–	–
Mímir - símenntun	93	9	84	–	93	–

Tafla 3. Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2011 eftir skólum, kyni og kennsluformi (frh.)
 Table 3. *Regist. students at the upper sec. and tertiary level in autumn 2011 by school, sex and mode of teaching (cont.)*

	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Dag- skóli <i>Day courses</i>	Kvöld- skóli <i>Evening courses</i>	Fjar- nám <i>Distance learning</i>
Myndlistarskólinn í Reykjavík	117	31	86	117	–	–
Símei; Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	46	–	46	–	46	–
Snyrtiskólinn	51	–	51	51	–	–
Tækniskólinn - skóli atvinnulífsins	2.647	1.845	802	2.550	–	97
Tónlistarskólar með nám aðallega á framhaldsskólastigi						
<i>Music schools at upper secondary level</i>	594	233	361	594	–	–
Nýi tónlistarskólinn	26	6	20	26	–	–
Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík	9	–	9	9	–	–
Söngskóli Sigurðar Demetz	34	12	22	34	–	–
Tónlistarskóli Austur-Héraðs	2	1	1	2	–	–
Tónlistarskóli Álftanes	1	1	–	1	–	–
Tónlistarskóli Árnesinga	22	5	17	22	–	–
Tónlistarskóli Borgarfjarðar	5	1	4	5	–	–
Tónlistarskóli Eyjafjarðar	5	–	5	5	–	–
Tónlistarskóli FÍH	84	65	19	84	–	–
Tónlistarskóli Garðabæjar	23	14	9	23	–	–
Tónlistarskóli Grindavíkur	3	–	3	3	–	–
Tónlistarskóli Hafnarfjarðar	30	15	15	30	–	–
Tónlistarskóli Húsavíkur	4	2	2	4	–	–
Tónlistarskóli Ísafjarðar	7	4	3	7	–	–
Tónlistarskóli Kópavogs	44	21	23	44	–	–
Tónlistarskóli Mosfellsbæjar	13	5	8	13	–	–
Tónlistarskóli Rangárvallasýslu	3	–	3	3	–	–
Tónlistarskóli Reykjanesbæjar	16	7	9	16	–	–
Tónlistarskóli Seltjarnarness	19	10	9	19	–	–
Tónlistarskóli Seyðisfjarðar	1	1	–	1	–	–
Tónlistarskóli Siglufjarðar	1	1	–	1	–	–
Tónlistarskóli Vestmannaeyja	7	2	5	7	–	–
Tónlistarskólinn Akranesi	7	–	7	7	–	–
Tónlistarskólinn á Akureyri	24	8	16	24	–	–
Tónlistarskólinn í Grafarvogi	15	4	11	15	–	–
Tónlistarskólinn í Reykjavík	104	24	80	104	–	–
Tónlistarskólinn Stykkishólmi	8	3	5	8	–	–
Tónskóli Austur-Skaftafellssýslu	3	2	1	3	–	–
Tónskóli Eddu Borg	3	2	1	3	–	–
Tónskóli Sigursveins	59	14	45	59	–	–
Tónskóli Þjóðkirkjunnar	8	2	6	8	–	–
Tónskólinn Do Re Mi	4	1	3	4	–	–
Sérskólar með nám aðallega á háskólastigi						
<i>Specialised schools at tertiary level</i>	185	91	94	139	46	–
Flugstoðir	25	20	5	25	–	–
Myndlistaskólinn á Akureyri	53	13	40	53	–	–
Rafiðnaðarskólinn	46	45	1	–	46	–
Söngskólinn í Reykjavík	61	13	48	61	–	–

Tafla 3. Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2011 eftir skólum, kyni og kennsluformi (frh.)
 Table 3. *Regist. students at the upper sec. and tertiary level in autumn 2011 by school, sex and mode of teaching (cont.)*

	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Dag- skóli <i>Day courses</i>	Kvöld- skóli <i>Evening courses</i>	Fjar- nám <i>Distance learning</i>
Háskólar <i>Universities</i>	19.977	7.681	12.296	16.868	150	2.959
Endurmenntun Háskóla Íslands	54	17	37	47	–	7
Háskóli Íslands	13.941	4.855	9.086	12.548	–	1.393
Háskólinn á Akureyri	1.493	365	1.128	658	–	835
Háskólinn á Bifröst	573	245	328	327	–	246
Háskólinn í Reykjavík	2.871	1.813	1.058	2.527	150	194
Hólaskóli, Háskólinn á Hólum	253	67	186	85	–	168
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	378	150	228	262	–	116
Listaháskóli Íslands	414	169	245	414	–	–

Tafla 4. Skráðir nemendur á framhalds- og háskólastigi haustið 2011 eftir stigi, almennu sviði og kyni
 Table 4. Registered students at the upper secondary and tertiary level in autumn 2011 by level, broad field and sex

	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
Skráðir nemendur alls <i>Total number of students</i>	48.723	21.507	27.216
Framhaldsskólastig <i>Upper secondary level</i>	28.361	13.612	14.749
Almennt nám <i>General programmes</i>	19.371	8.776	10.595
Menntun <i>Education</i>	150	4	146
Hugvísindi og listir <i>Humanities and arts</i>	2.330	843	1.487
Félagsvísindi, viðskipti og lögfræði <i>Social sciences, business and law</i>	351	126	225
Raunvísindi, stærðfræði og tölvunarfræði <i>Science, mathematics and computing</i>	289	283	6
Verkfræði, framleiðsla og mannvirkjagerð <i>Engineering, manufacturing and construction</i>	3.015	2.695	320
Landbúnaður og dýralækningar <i>Agriculture and veterinary</i>	182	77	105
Heilbrigði og velferð <i>Health and welfare</i>	1.030	66	964
Þjónusta <i>Services</i>	1.643	742	901
Viðbótarstig <i>Post-secondary non-tertiary education</i>	1.028	637	391
Almennt nám <i>General programmes</i>	22	7	15
Hugvísindi og listir <i>Humanities and arts</i>	87	15	72
Félagsvísindi, viðskipti og lögfræði <i>Social sciences, business and law</i>	66	27	39
Raunvísindi, stærðfræði og tölvunarfræði <i>Science, mathematics and computing</i>	67	35	32
Verkfræði, framleiðsla og mannvirkjagerð <i>Engineering, manufacturing and construction</i>	454	431	23
Landbúnaður og dýralækningar <i>Agriculture and veterinary</i>	17	14	3
Heilbrigði og velferð <i>Health and welfare</i>	24	2	22
Þjónusta <i>Services</i>	291	106	185
Háskólastig <i>First stage of tertiary education</i>	18.882	7.088	11.794
Menntun <i>Education</i>	2.220	435	1.785
Hugvísindi og listir <i>Humanities and arts</i>	2.971	1.085	1.886
Félagsvísindi, viðskipti og lögfræði <i>Social sciences, business and law</i>	7.083	2.794	4.289
Raunvísindi, stærðfræði og tölvunarfræði <i>Science, mathematics and computing</i>	1.723	1.086	637
Verkfræði, framleiðsla og mannvirkjagerð <i>Engineering, manufacturing and construction</i>	1.604	1.101	503
Landbúnaður og dýralækningar <i>Agriculture and veterinary</i>	210	88	122
Heilbrigði og velferð <i>Health and welfare</i>	2.588	346	2.242
Þjónusta <i>Services</i>	483	153	330
Doktorsstig <i>Second stage of tertiary education</i>	452	170	282
Menntun <i>Education</i>	63	17	46
Hugvísindi og listir <i>Humanities and arts</i>	74	29	45
Félagsvísindi, viðskipti og lögfræði <i>Social sciences, business and law</i>	90	32	58
Raunvísindi, stærðfræði og tölvunarfræði <i>Science, mathematics and computing</i>	116	63	53
Verkfræði, framleiðsla og mannvirkjagerð <i>Engineering, manufacturing and construction</i>	30	14	16
Landbúnaður og dýralækningar <i>Agriculture and veterinary</i>	2	1	1
Heilbrigði og velferð <i>Health and welfare</i>	74	12	62
Þjónusta <i>Services</i>	3	2	1

Skýringar Notes: Nám er flokkað samkvæmt íslensku menntunarflokkuninni ÍSNÁM2008 og alþjóðlegu flokkuninni ISCED97. Programmes are classified according to the Icelandic classification of education ÍSNÁM2008 and the international classification ISCED97.

Tafla 5. Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2011 eftir stigi, tegund og sviði

Table 5. Registered students at the upper secondary and tertiary level in autumn 2011 by level, type and field

	Alls	Karlar	Konur	Dag- skóli	Kvöld- skóli	Fjar- nám
	Total	Males	Females	Day school	Evening school	Distance learning
Skráðir nemendur alls <i>Total number of students</i>	48.723	21.507	27.216	40.962	1.344	6.417
Framhaldsskólastig <i>Upper secondary level</i>	28.361	13.612	14.749	23.820	1.073	3.468
Almennt bóknám <i>General education 3AG</i>	14.414	6.467	7.947	13.557	332	525
Almenn námsbraut	248	153	95	248	–	–
Félagsfræðabraut til stúdentsprófs	5.494	2.212	3.282	5.062	262	170
Frumgreinadeild	660	348	312	467	–	193
Hugvísindabraut til stúdentsprófs	59	5	54	59	–	–
Hönnunar- og markaðsbraut til stúdentsprófs	15	3	12	15	–	–
International Baccalaureate	83	31	52	81	2	–
Íþróttabraut til stúdentsprófs	12	9	3	12	–	–
Listabraut til stúdentsprófs	20	3	17	20	–	–
Listdansbraut til stúdentsprófs	40	3	37	40	–	–
Málabraut til stúdentsprófs	1.072	254	818	1.026	18	28
Náttúrufræðibraut til stúdentsprófs	5.377	2.740	2.637	5.283	8	86
Upplýsinga- og tæknibraut til stúdentsprófs	2	2	–	1	1	–
Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum	254	126	128	203	40	11
Viðskipta- og hagfræðibraut til stúdentsprófs	1.078	578	500	1.040	1	37
Almennt bóknám <i>General education 3CG</i>	4.578	2.062	2.516	2.006	217	2.355
Almenn námsbraut	4.556	2.051	2.505	1.984	217	2.355
Fornám	22	11	11	22	–	–
For-starfsnám <i>Pre-vocational programmes 3BP</i>	749	238	511	749	–	–
Hljóðfæraleikur	484	205	279	484	–	–
Listdans	149	8	141	149	–	–
Söngur	116	25	91	116	–	–
For-starfsnám <i>Pre-vocational programmes 3CP</i>	435	299	136	435	–	–
Almennt nám í verk- og tæknigreinum	34	32	2	34	–	–
Löggæslu- og björgunarstörf	22	20	2	22	–	–
Starfsbraut	379	247	132	379	–	–
Starfsnám <i>Vocational programmes 3AV</i>	76	25	51	76	–	–
Myndlist	76	25	51	76	–	–
Starfsnám <i>Vocational programmes 3CV</i>	8.109	4.521	3.588	6.997	524	588
Bakaraiðn	6	6	–	6	–	–
Bífreiðasmíði	29	29	–	27	1	1
Bífvélavirkjun	144	132	12	136	1	7
Bílamálun	27	24	3	27	–	–
Bíliðnir grunnnám	160	148	12	153	6	1
Blikksmíði	5	5	–	3	2	–
Blómaskreytingar	7	–	7	3	–	4
Bókasafnstækni	4	–	4	–	–	4
Búfræði	92	55	37	61	–	31
Bygginga- og mannvirkjagreinar grunnnám	113	106	7	108	5	–
Fatataekni	102	5	97	102	–	–
Ferðamál	10	1	9	10	–	–
Félagsliðabraut	268	26	242	85	100	83
Fiskvinnsla	6	6	–	6	–	–
Fjölmíðlataekni	65	47	18	65	–	–
Flugliðabraut	31	5	26	31	–	–
Flugstjórn	35	27	8	32	–	3
Flugumferðarstjórn	8	7	1	8	–	–

Tafla 5. Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2011 eftir stigi, tegund og sviði (frh.)
 Table 5. Registered students at the upper secondary and tertiary level in autumn 2011 by level, type and field (cont.)

	Alls	Karlar	Konur	Dag- skóli	Kvöld- skóli	Fjar- nám
	<i>Total</i>	<i>Males</i>	<i>Females</i>	<i>Day school</i>	<i>Evening school</i>	<i>Distance learning</i>
Fótaaðgerðafræði	10	–	10	10	–	–
Framreiðsla	11	4	7	11	–	–
Garðplöntufræði	12	1	11	7	–	5
Gull- og silfursmíði	20	6	14	18	–	2
Handíðabraut	79	4	75	77	2	–
